

Lög Þríþrautarfélagsins Ægir3

1. grein

Félagið heitir Ægir3 - Þríþrautarfélag Reykjavíkur. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er að vinna að eflingu og ástundun þríþrautar; sundi, hjólreiðum og hlaupum. Markmiðum þessum hyggst félagið ná með æfingahaldi og þjálfun í viðkomandi greinum, keppnisbátttöku í þeim, kynningu og útbreiðslu íþróttarinnar, grasrótarstarfi svo sem keppnishaldi, samheldni félagsmanna með áherslu á uppbyggileg samskipti og gagnkvæma virðingu, heiðarlega keppni og öfluglu félagslífi, ásamt öflun fjár til stuðnings starfssemi félagsins.

3. grein

Félagið er opið öllum, sem vilja stuðla að framgangi þríþrautar og vinna að markmiðum félagsins en fullgildir félagsmenn eru þeir sem greiða æfingagjöld til félagsins. Atkvæðisrétt og kjörgengi hjá félaginu hafa eingöngu fullgildir félagsmenn, sem eru skuldlausir við það og hafa verið í félaginu lengur en 3 mánuði.

4. grein

Stjórn félagsins ákveður upphæð æfingagjalda ásamt tilhögun æfinga og tilkynnir fyrir upphaf æfingaárs ár hvert. Æfingar geta þeir einir stundað hjá félaginu sem eru fullgildir félagsmenn. Undanþága frá þeirri reglu er í höndum stjórnar hverju sinni. Stjórn félagsins ákveður hvenær æfingaárið byrjar.

5. grein

Stjórn félagsins getur gefið út keppnisheimild til einstaklinga utan félagsins, sem gefur viðkomandi keppnisrétt fyrir hönd Ægis3. Viðkomandi eru ekki fullgildir meðlimir Ægis3 og hafa þar með hvorki atkvæðisrétt hjá félaginu né eru þeir kjörgengir (skv. 3.gr.).

6. grein

Stjórn félagsins skipa fimm manns. Stjórnin skal kosin á aðalfundi félagsins. Kjörnir stjórnarmeðlimir raða í hlutverk formans, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda. Kjörtímabil er eitt ár. Ennfremur skal kjósa skoðunarmann reikninga til eins árs í senn.

7. grein

Stjórn hefur heimild til niðurfellingar æfingagjalda til fullgildra félagsmanna sem umbun fyrir einhverja þá vinnu sem viðkomandi vinnur fyrir félagið.

8. grein

Félagsfund skal halda þegar stjórn félagsins ákveður eða þegar minnst 25% félagsmanna krefjast þess og skal til hans boða með rafrænum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara.

9. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. grein

Aðalfund skal halda fyrir 30.apríl ár hvert og er boðað til hans rafrænt.

Til aðalfundar skal boða með minnst 10 daga fyrirvara og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað. Löglega er boðað til aðalfundar með sannanlegri tilkynningu til allra félagsmanna.

Á aðalfundi skal vera fundarstjóri og skráð fundargerð af fundarritara.

Dagskrá fundarins skal fara út með fundarboði.

Tillögur um lagabreytingar skal leggja fyrir stjórn minnst viku fyrir aðalfund og skal stjórn jafnharðan kynna fyrirbyggjandi breytingatillögur fyrir félagsmönnum.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum allra mála nema lagabreytinga. Tvo þriðju hluta atkvæða þarf til að breyta lögum.

11. grein

Stjórn hefur heimild til að vísa einstaklingi úr félaginu ef viðkomandi verður uppvís að háttsemi sem vinnur gegn markmiðum félagsins eða brýtur í bága við lög þess.

12. grein

Samþykki stjórnarfundar og síðan 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundar þarf til að félagið verði lagt niður. Verði það samþykkt, skal eigum þess ráðstafað í þágu þríþrautarinnar samkvæmt nánari ákvörðun þess aðalfundar.

Taka skal sérstaklega fram í fundarboði ef tillaga um slíkt liggur fyrir aðalfundi.

Þannig samþykkt á aðalfundi 17. mars 2019.

Fundarstjóri

Fundarritari

(Síðast breytt á aðalfundi 17.mars 2019)